

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar 97.stjórnarfundur haldinn 4.maí 2016 Reykjavík/fjarfundur	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 4. maí 2016	Tími 9:50 -	Staður	Nr. Fundar 97
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 04.05.16	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Guðmundur Hörður Guðmundsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir, Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.			
Boðuð forföll:			

Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
2. Fundargerðir svæðisráða
3. Fjármál:
 - Viðbætur við landvörslu 2016
4. Húsnæðismál í Vjþ
5. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri
6. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs
7. Atvinnustefna
8. Stjórnunar- og verndaráætlun
 - Skipulagsstefna
 - Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi
9. Skipulagsmál í Vjþ
 - Ásbyrgi- drög að deiliskipulagi
10. Önnur mál:
 - Ferðafélög
 - Jökulsárlón
 - Þverá
 - Loftlagsverkefni í samstarfi við Veðurstofu Íslands
 - Gjaldtaka á bílastæðum-

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

DAGSKRÁ:

1. Samþykki dagskrár

Formaður setti fund og lagði dagskrá fram til umræðu. Dagskrá samþykkt óbreytt.

2. Fundargerðir svæðisráða

Formaður svæðisráðs á austursvæði greindi frá umfjöllun ráðsins um meginniðurstöðum vöktunar á áfoki, landbroti og heiðargæs á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Hún greindi jafnframt frá því að vinna væri hafin á ný við Stjórnun og verndaráætlun fyrir Kringilsárrana sem verið hefur í umsjá þjóðgarðsins.

3. Fjármál:

Viðbætur við landvörslu 2016

Framkvæmdstjóri gerði ráð fyrir viðbótarlandvörslu sem komin er frá Umhverfissráðuneytinu með samvinnu við Stjórnstöð ferðamála. Um er að ræða 103 landvörsluvikur, alls uppá 26 milljónir króna. Þessari viðbót hefur verið skipt milli rekstrarsvæða og ráðið í þessar stöður. Fyrirspurnir um skýringar á forgangsröðun varðandi hvaða staðir fengu aukningu í landvörslu með þessari viðbót.

Lagt fram bréf frá oddvita Skaftárhrepps til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs dags. 3. maí 2016 varðandi aðkomu Vatnajökulsþjóðgarðs að starfi landvarða á láglandi í Skaftárhreppi.

Stjórn tekur jákvætt í erindið og er framkvæmdastjóra falið að kanna ábyrgð og lagaheimildir hjá lögfræðiskrifstofu umhverfissráðuneytisins. Niðurstöður liggja fyrir fyrir 15. maí. Stjórn mun í ljósi niðurstöðu þeirra könnunar taka endanlega ákvörðun um málið í tölvupósti.

4. Húsnæðismál í Vjb

Framkvæmdastjóri fór yfir húsnæði og aðbúnað starfsfólks á vegum þjóðgarðsins á komandi sumri. Hann greindi frá fyrirhuguðum fundi framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði á austursvæði með ábúendum í Möðrudal um hugmyndir að upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins í Möðrudal.

5. Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri

Formaður svæðisráðs á vestursvæði gerði grein fyrir íbúafundi sem var 19. apríl sl. um staðsetningu gestastofu. Niðurstöðum fundarins var komið til skipulagsnefndar og framundan er einnig sveitastjórnarfundur þar sem málið verður á dagskrá.

6. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs

Fyrstu umræðu um löginn er lokið á Alþingi. Stjórn ítrekar fyrri athugasemdir við löginn um breytingar á stjórnfyrikomulagi þjóðgarðsins. Sérstaklega er gerð athugasemd við þá tilhögun að framkvæmdastjóri sjái um allar ráðningar og almennt sé dregið úr völdum þjóðgarðsvarða.

Guðmundur Hörður Guðmundsson mætti til fundar kl. 10:30

7. Atvinnustefna

Árni Geirsson frá Alta mætti til fundar. Hann kynnti samantekt um drög að nýjum lögum og stöðu gjaldtökuheimilda. Rætt um hvernig úthluta skuli takmörkuðum gæðum innan þjóðgarðsins. Árna er falið að taka saman viðbætur við fyrirbyggjandi drög m.t.t. þeirra möguleika sem felast í drögum að nýjum lögum. Frekari umræðum frestað til næsta fundar.

8. Stjórnunar- og verndaráætlun

Skipulagsstefna

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

Halldóra Hreggviðsdóttir og Árni Geirsson ráðgjafar Alta mættu til fundar. Kynntar voru ýmsar breytingar sem orðið hafa í skipulagsumhverfi s.s. ný landsskipulagsstefnu, vinna að tilnefningu þjóðgarðsins á heimsminjaskrá og hvaða áhrif það hefur á stjórnunar- og verndaráætlun. Fram kom að drög að nýrri SVÁ eru í yfirllestri m.t.t. jarðfræðihluta. Umræður um þá þætti sem taka þarf fyrir í skipulagsáætlun og hvaða þættir eru þar fyrir. Alta mun senda minnisblað með samantekt helstu atriða til stjórnar sem hluti af undirbúningi fyrir vinnufund.

Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi

Rætt um að draga þurfi saman gögn varðandi þessi atriði í þjóðgarðinum. Alta mun safna saman þeim gögnum sem til eru og koma þeim til stjórnar.

Stefnt er að því að koma skipulagsstefnu inn í Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir haustið. Takist það ekki verður henni bætt við sem viðauka á síðari stigum.

9. Skipulagsmál í Vjþ

Ásbyrgi - drög að deiliskipulagi. Formaður svæðisráðs á norðursvæði gerði grein fyrir löngum aðdraganda að drögum að deiliskipulagstillögunni. Hann greindi frá að stór hluti mannvirkja á mannvirkjabeltinu í Ásbyrgi sem fram kemur á deiliskipulagsupprættinum er á nærsvæðum utan þjóðgarðsmarka. Stjórn telur nauðsynlegt að skýrðar verði heimildir þjóðgarðsins til að deiliskipuleggja utan þjóðgarðsmarka. Framkvæmdastjóra er falið að afla upplýsinga um heimildir þjóðgarðsins í þessu tilliti. Deiliskipulagstillögunni er vísað aftur til svæðisráðs norðursvæðis til frekari umfjöllunar þegar niðurstöður varðandi heimildir þjóðgarðsins liggja fyrir.

Óli Halldórsson yfirgaf fundinn kl. 12:05

Önnur mál:

- a: Ferðafélög: Stjórn Vatnajökulþjóðgarðs beinir því til formanns og framkvæmdastjóra að ganga til áframhaldandi viðræðna við Ferðafélag Íslands og deildir þess sem hafa starfsstöðvar innan Vatnajökulþjóðgarðs. Samkomulag liggi fyrir í lok maímánaðar.
- b: Jökulsárlón. Sýslumaður Austur Skaftafellssýslu hefur sett jörðina Fell í söluferli.
- c: Þverá: Formaður kynnti málið.
- d: Loftlagsverkefni í samstarfi við Veðurstofu Íslands. Framkvæmdastjóri kynnti verkefnið sem er á fjárlögum og tengist Parísarsamningnum. Verkefnið er einnig hluti af sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar. Markmið verkefnisins er að kortleggja breytingar á skriðjökklum til lengri tíma í tengslum við loftslagsbreytingar. Veðurstofan mun vista verkefnið. Hlutverk þjóðgarðsins er koma þessum upplýsingum á framfæri. Rætt um mikilvægi þess að safna og halda utan um landfræðilegan gagnagrunn fyrir þjóðgarðinn og almennt um gagnagrunn um náttúruferðir innan þjóðgarðsins.
- e: Gjaldtaka á bílastæðum. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum varðandi fyrirkomulag gjalddöku á bílastæðum og búnað sem verið er að prófa.
- f: Vonarskarð. Framkvæmdastjóri kannar hvaða dagsetningar eru í boði fyrir Vonarskarðsferð stjórnar.
- g: Næsti stjórnarfundur er ráðgerður miðvikudaginn 1. júní á vestursvæði.

Fundi slitið kl. 14:20